

11. gr.

Skólastjóri skal senda yfirstjórn skólans skýrslu um skólann á ári hverju svo, sem verða má, eptir að ársprófi er lokið, 137 21. júlí.

Reglugjörð þessi kveður að eins á um skólann sem alþýðuskóla og gagnfræðaskóla; en hitt verður á valdi skólanefndar þeirrar, er sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu samkvæmt 2. gr. reglugjörðarinnar á að skipa, að kveða á um skilyrðin fyrir því, hversu barnakennslunni fyrir Garðahrepp verði komið fyrir í skólahúsinu, og á hvern hátt hún að öðru leyti verði sett í samband við alþýðuskólann.

Jafnframt því að jeg tjái þetta stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þau birti þeim það, er hlut eiga að máli, sendi jeg þeim og ofannefnt gjafabrjef frá 10. ágúst 1877, og er við það tengt skipulagsskjalið frá 1. júní þ. á., og skora jeg á stiptsyfirvöldin að annast um, að þetta verði þinglesið og síðan endursent mjer.

— Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um framtal og búnaðar-skýrslur. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, frá 4. marz þ. á. viðvíkjandi framtals- og búnaðar-skýrslunum vil jeg tjá yður það, er nú segir: 138 22. júlí.

1. Að vísu er samkvæmt 1. grein laga frá 12. júlí 1878 (B 6.) um lausafjártíund, að eins sá maður, sem á 60 álnir í tíundbæru lausafje, skyldur að greiða tíund af tje sínu, en þar með er ekki sagt, að sleppa beri úr lausafjártíundinni sjerhverri þeirri upphæð, sem ekki nær 60 álnum, því maður getur átt og «tíundað» 60 álnir, þó hann greiði tíund af minni upphæð, sbr. niðurlagsákvörðun 2 gr. nefndra laga og síðasta dæmið á fyrirmynd I. við hreppstjórareglugjörðina. Þar að auki ber að gæta þess, að framtalsskýrslan samkvæmt þessararfyrirmynd hefir að nokkru leyti komið í stað hinna fyrverandi búnaðarskýrslna. Á þeim verður sýslumaður að byggja yfirlit sitt yfir tölu hinna ýmsu tegunda af tíundbæru kvikfje í hreppnum og þó sá, er á minna tíundbært lausafje en 60 álnir, sje ekki skyldur að tíunda það, verður hann skyldur að telja það fram eins og annað ótíundbært tje samkvæmt ákvörðunum þeim, er gilda um skýrslur um búnaðarástand. Að sleppa broti af hundraði úr lausafjártíund, þegar hlutaðeigandi tíundar meira en 60 álnir hefir enga heimild í lögum 12. júlí 1878, og taka þau í upphafi 5. greinar fram berum ordum, að hver maður skuli telja fram lausafje sitt til tíundar, eins og það er til.

2. Það er ekki nauðsynlegt að heimta sjerstaka skýrslu frá hreppstjórunum um ábúðarhundruð hvers ábúanda. Upphæð ábúðarskattsins er gefin með tölu jarðahundraða, og það virðist ekki nauðsynlegt fyrir endurskoðanda að rannsaka, hve mikla upphæð hverjum einstökum búanda beri að rjettu lagi að greiða, en búnaðarskýrslurnar veita, eins og þjer sjálfir takið fram, sýslumanni nægilegar skýringar í þessu tilliti.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdalæminu um bygging prestseturs. — Með þóknanlegu brjefi frá 26. maí þ. á. hafid þjer, herra amtmaður, lagt undir úrskurð minn þá fyrirspurn umbodsmanns Þingeyraklausturs, hvort ekki beri að gefa út byggingarbrjef fyrir jörðunni Steinnesi handa hinum nýja presti að Þingeyrarklaustri síra Þorvaldi Ásgeirssyni, og getið þjer þess um leið, að þjer sáid eigi betur sjeð, en að hinn nýji prestur sje skyldur til að vinna jarðabót á tjeðri jörð, og það því fremur, sem landsskuldin af jörðinni eptir hinum nýja leigumála sje færð niður í 240 álnir úr 300 álum. 139 22. júlí.